



Frásögn af fundi sem Mr. Lawson og Bjarni Benediktsson áttu 24. ágúst 1951 (tvær frásagnir) og úr boði með Vice Admiral J.J. Ballentine og fleirum 8. ágúst 1951.

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Utanríkisráðherra – Utanríkismál – Mr Lawson – Vice Admiral JJ Ballentine – NATO – Atlansthafsbandalagið - 1951

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmalamaðurinn  
Askja 2-12, Örk 2

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

F r á s ö g n.

---

Miðvikudaginn 8. ágúst 1951 var Vice Admiral J. J. Ballentine í boði í ráðherrabústaðnum ásamt ýmsum öðrum.

Meðan á boðinu stóð átti ég nokkurt tal við aðmírálinn. Hann sagðist vera sjálfur þeirrar skoðunar, að ekki væri líklegt að til ófriðar kæmi í ár eða t.d. á næsta vori. Hann taldi mesta hættutímann verða þegar stjórnendaskipti yrðu í Rússlandi, vegna þess að Stalin félli frá. Stalin væri slíkur raunsæismaður, að hann gerði sér grein fyrir, hversu mikið Rússar hefðu í síðustu styrjöld átt að þakka hjálp frá Bandaríkjunum og mjög ólíklegt væri, að hann réðist á Bandaríkin eða þau lönd, sem vitað væri að Bandaríkin mundu koma til hjálpar. Þetta mundi horfa öðruvísi við þegar Stalins nyti ekki lengur við. Aðmírállinn lagði þó áherzlu á, að allt væri þetta getgátur af sinni hálfu, og staðreyndin væri sú, að Rússar hefðu nú þegar á öllum landamærum svo mikinn her viðbúinn til bardaga þegar í stað, að þeir gætu í raun og veru ráðist fyrirvaralaust til atlögu hvar sem þeim sýndist og játa yrði, að Bandaríkjamenn hefðu verið gjörsamlega óviðbúnir árásinni í Kóreu og í rauninni heldur ekki búist við því, að Kínverjar mundu blanda sér í þá bardaga með þeim hatti, sem varð.

Hitt sagði aðmírállinn að væri alveg öruggt, að Bandaríkjamönnum mundi aldrei koma til hugar að hefja árás að fyrra bragði.

Um hernaðarpýðingu Íslands sagði hann, að hún væri fyrst og fremst sú, að landið væri viðkomustaður á leiðinni



yfir Atlantshafið. Flugvélar þyrftu að hafa aðstöðu til að geta komið hér við, eins og við sæjum nú daglega, og á slíku þyrfti ekki síður á að halda, ef til styrjaldar kæmi.

Önnur þýðing landsins væri í því fólgin, að umfram allt yrði að hindra að óvinir fengi hér fótfestu, en áður en varnarliðið hefði komið til landsins, hefði verið hægt að taka landið með einu eða tveim smáherskipum, en ekki þyrfti að eyða orðum að því, að óþolandi væri fyrir Bandaríkin, og Vesturveldin yfirleitt, að t.d. Rússar hefðu hér fótfestu ef til ófriðar kæmi. Færi svo mundi óhjákvæmilegt að reka þá í burtu og væri það vissulega ekki öfundsvert fyrir þá, sem ættu að lifa í landinu. Eftir að hér væri komið varnarlið taldi aðmírallinn mjög litlar líkur til þess að Rússar myndu reyna að taka landið. Hinu yrðu menn að gera ráð fyrir, að einstaka árásir yrðu gerðar hér eins og hvarvetna annarsstaðar.

Ekki taldi aðmírallinn líklegt, að Ísland yrði notað til árása á önnur lönd, því að eins og nú stæði væri aðrar stöðvar, sem miklu frekar kæmu til greina í því sambandi.

Að nokkru leyti hlustaði General McGaw á samtalið, þ.e.a.s. síðari hluta þess, og var hann sammála öllu er fram kom af því, er hann heyrði.

Reykjavík, 10. ágúst 1951



F r á s ö g n.

1951  
Föstudaginn 24. ágúst kom sendiherra Bandaríkjanna, Mr. Lawson, á skrifstofu mína samkvæmt beiðni sinni.

Sendiherrann spurðist fyrir um, hvort að við mundum óska eftir því, að áfram yrði haldið að senda herskip hingað til lands til eftirlits, með sama hætti og verið hefir í sumar og væri þá gert ráð fyrir því, að hingað kæmu sjóflugvélar, er gætu haldið uppi gæzlu umhverfis landið.

Ég sagði sendiherranum, að ég teldi ekki nauðsynlegt, að hingað kæmu gæzluskip eftir að rússneski síldveiðiflotinn væri horfinn frá landinu, en það mætti gera ráð fyrir, að það yrði seinni partinn í september, en þangað til teldi ég gott, að gæzluskip væru hér öðru hvoru á ferðinni. Sendiherrann sagði að það væri ráðgert og virtist málið leyst með því.

Þá gat sendiherrann þess, að komið hefði í ljós, að þegar varnarlið fengi bíla hjá Ferðaskrifstofunni til ferða til Þingvalla, eins og nokkrum sinnum hefði komið fyrir, hefðu frásagnir af smáatriðum, sem fyrir hefðu komið, birzt í Þjóðviljanum og gæfi þetta til kynna, og gæfi þetta til kynna að einhverjir af þeim starfsmönnum, sem með þetta hefðu að gera, sennilega bílstjórar, væru kommúnistar. Sendiherrann sagðist aðeins vilja segja mér frá þessu; þetta væri engin umkvörtun og varnarliðsmennirnir hefðu ekki haft orð á því, en ef til vill væri fróðlegt fyrir mig að



## Frásögn.

Í samtali, sem sendiherra Bandaríkjanna, Mr. Lawson, átti við mig föstudaginn 24. ágúst 1951, ræddi hann aðallega um fund þann, er halda á í Atlantshafsráðinu um miðjan september.

Sendiherrann sagði, að það sem hann hefði fram að flytja væri óformleg frásögn af hugmyndum Bandaríkjastjórnar um aðalatriðin er fyrir fundinum lægi. Hann drap fyrst á upptöku Grikklands og Tyrklands í bandalagið og skýrði það með þekktum rökum, af hverju Bandaríkjastjórn teldi æskilegt að þessi ríki fengin inngöngu og að það yrði ekki dregið. Hann sagðist ekki hafa fyrirmæli um að spyrja um mína skoðun heldur aðeins vilja láta uppi þau rök, er réðu afstöðu stjórnar sinnar.

Ég sagði, að íslenska stjórnin vildi auðvitað að bandalagið yrði sem sterkast en þó virtist okkur sem lönd þessi væru ef til vill nokkuð langt í burtu og því erfitt að telja þau til Atlantshafsríkjanna og kynni því að vera örðugt að skýra ~~þu~~ fyrir Íslendingum, að þau gerðist aðilar að þessu bandalagi. Af þessum söku væri íslenska stjórnin ekki áfjáð í, að þessi lönd gerðust aðilar, en mundi hinsvegar ekki beita sér fyrir neinni, a.m.k. ekki ein út af fyrir sig, Mindrun gegn upptöku þeirra.

Því næst drap Mr. Lawson á Evrópuherinn og hervæðingu Þýskalands. Mr. Lawson sagði, að Bandaríkjastjórn væri því mjög fylgjandi, að Evrópuher



kæmist á laggirnar, en ljóst væri, að samningar um hann mundi taka alllangan tíma og verða til þess, að óhæfilegur dráttur yrði á því, að hervæðing Þýzkalands gæti hafist. Bandaríkjastjórn liti svo á, að slíkt mætti ekki verða og legði mikla áherzlu á, að bráðabirgðasamkomulag yrði gert, sem gerði það mögulegt að Þjóðverjar gætu nú þegar hafið endurvopnun.

Sendiherrann fór um þetta allmörgum orðum og var ljóst, að þetta mál var áhugamál hans í þessum viðræðum, enda sagði hann, að stjórn sín liti þannig á, að fundurinn í september væri til lítils ef ekki væri þar hægt að ná samkomulagi um endurvopnun Þýzkalands og upptöku Grikklands og Tyrklands.

Ég sagði, að auðvitað gæti Ísland ekki haft neitt á móti því, að Þýzkaland væri vígbúið, því að það mundi gera heildarsamtökin miklu sterkari, en aðal mótstöðunnar væri að vanta frá nágrannaríkjunum og þó sérstaklega Frakklandi, og ef til vill hefði þetta mál ekki verið tekið upp með heppilegum hætti af Bandaríkjastjórn á s.l. hausti.

Mr. Lawson virtist álíta, að ef til vill væru aðrar stjórnir en franska stjórnin, sem væru erfiðar í þessu máli og nefndi þar einkum til norsku stjórnina.

Ég spurði, hvort Þjóðverjar sjálfir mundu þá vera reiðubúnir að vígbúast nú og kvað sendiherrann það vera álit stjórnar sinnar að svo væri - að þeir væru nú mun fúsari til þess en áður hefði verið.

Loksins gat sendiherrann um, að skýrsla ætti að koma fyrir fundinn um fjárhagsmálefni og gat um



nokkur aðalatriði, er hann teldi að vera ættu í slíkri skýrblu, og var frá okkar sjónarmiði ekkert, er skiptir sérstöku máli í því.

Ég gat þess, að íslenska stjórnin teldi, að þetta atriði væri sér ekki svo mjög viðkomandi, þar sem við teldum að við værum búnir að leggja fram okkar framlag með varnarsamningnum, er gerður hafði verið í vor, og væri ekki hægt að ætlast til meira af okkur. Sendiherrann kannaðist við það sjónarmið en sagðist ekki vita glögglega um afstöðu stjórnar sinnar til þess. Ég sagði, að mjög nauðsynlegt væri að einmitt svo áhrifaríkur aðili sem Bandaríkjastjórn væri að styðja afstöðu Íslands í þessu efni og lofaði sendiherrann að koma því áleiðis. Annars sagði sendiherrann að ósamkomulag um þessi fjarhagsatriði hefðu orðið til þess að draga úr framkvæmdum í ýmsum efnum og hefði orðið til þess, að ekki væri hægt að koma upp þeim flugvöllum, einkánlega í Frakklandi, sem nauðsynlegir varu.

Reykjavík, 24. ágúst 1951.